

SVEINN YNGVI EGILSSON

Sviðin jörð og silungsveiði

Áföll og umhverfisvitund í smásögunni
Tvíhjartað stórflyót eftir Ernest Hemingway

*Í minningu föður míns Egils Sveinssonar (1930–2023)
sem kenndi mér að njóta náttúrunnar og veiða silung*

Bandaríski rithöfundurinn Ernest Hemingway (1899–1961) ólst upp í Oak Park í Illinoisfylki, bæ í nágrenni Chicagoborgar. Foreldrar hans voru menntað milli-stéttarfólk, faðirinn læknir og móðirin tónlistarkona. Á vorin flutti fjölskyldan búferlum og dvaldi sumarlangt í bústað sínum í skóglendi Norður-Michigan. Hemingway vandist þar við útivist og veiðar sem urðu eitt helsta áhugamál hans alla tíð. Í fyrri heimsstyrjöldinni gerðist hann sjúkraflutningsmaður á vegum Rauða krossins á Ítalíu. Sumarið 1918 slasaðist hann alvarlega af völdum sprengju sem sprakk þegar hann var við störf á vígvellinum við ána Piave norður af Feneyjum. Hann var lengi að ná sér og lá hálf ár á sjúkrahúsi í Milanó en sneri heim til Bandaríkjanna 1919. Tveimur árum síðar hélt hann til Frakklands, settist að í París og helgaði sig skrifum þaðan í frá. Hemingway samdi skáldsögur sem gerðu hann frægan víða um lönd og má þar nefna *The Sun Also Rises* (1926, öðru nafni *Fiesta*, 1927), *A Farewell to Arms* (1929), *For Whom the Bell Tolls* (1940) og *The Old Man and the Sea* (1952).¹ Fyrir síðastnefndu söguna og framlag

¹ Skáldsögurnar hafa verið þýddar á íslensku af Karli Ísfeld (*Og sólin rennur upp...*, Reykjavík: Heimdallur, 1941), Halldóri Laxness (*Vöpnin kvöld*, Reykjavík: Mál og menning, 1941), Stefáni Bjarmann (*Klukkan kallar*, Reykjavík: Helgafell, 1951; í 2. útgáfu var heitinu breytt í *Hverjum klukkan glymur*, Reykjavík: Mál og menning, 1980) og Birni O. Björnssyni (*Gamli maðurinn og hafið*, Akureyri: Bókaforlag Odds Björnssonar, 1954). Á aldarafmæli Hemingways 1999 var gefin út bókin *True at First Light* sem Sigurður A. Magnússon þýddi á íslensku (*Satt við fyrstu sýn*, Reykjavík: Setberg, 1999). Um þýðingar á verkum Hemingways og áhrif hans á Íslandi hefur Ástráður Eysteinnsson ritað í greininni „Á



sitt til sagnalistar var hann sæmdur Nóbelsverðlaununum 1954. Knappur og hlutlægur stíll hans naut sín þó ekki síður í smásögum en skáldsögum. Helstu smásagnasöfn hans eru *In Our Time* (1925), *Men Without Women* (1927) og *Winner Take Nothing* (1933).

Big Two-Hearted River (Tvíhjartað stórflyjót, 1925) er ein þekktasta smásaga Hemingways. Uppistaða hennar er ítarleg lýsing á útilegu og silungsveiði manns sem er einn á ferð. Hann heitir Nick Adams og veiðisvæðið er á eða fljót í skóglendi Norður-Michigan, umhverfi sem Hemingway þekkti vel. Nick er lýst utan frá í þriðju persónu en sögumaður sér um leið í hug hans. Sagan er tvískipt. Í fyrri hluta er sagt frá göngu Nicks niður með fljótinu að stað þar sem hann tjalðar og býr sig undir stangveiðina. Í síðari hluta er svo sagt frá veiðinni sjálfri. Annars ber fátt til tíðinda. Sagan minnir að því leyti á tvíþáttung Samuels Beckett, leikritið *Beðið eftir Godot* (1949), „þar sem ekkert gerist, tvisvar“.² Hemingway og Beckett vinna hvor með sínum hætti með einfaldleika og endurtekningar – það sem kalla má naumhyggju (e. *minimalism*) – til þess að varpa nýju ljósi á mannlegt hlutskipti og leitina að merkingu eftir hildarleiki fyrri og seinni heimsstyrjaldar.³ Tvíhjartað stórflyjót lýsir hugarheimi og veruleika manns sem reynir að gleyma sér í útivist og veiðum en þó er eins og eitthvað hvíli á honum. Hægt er að ráða í hvað það er út frá öðrum sögum og textum sem Hemingway skrifaði um Nick Adams. Um þetta verður fjallað í greininni auk þess sem hugað verður að því hlutverki sem náttúran gegnir í sögunni.

Saga meðal sagna

Tvíhjartað stórflyjót birtist haustið 1925 í bók Hemingways, *In Our Time* (Á okkar tímum).⁴ Hann bjó þá ásamt konu sinni Hadley Richardson í París og vann þar

höttunum eftir Hemingway. Ummerki, áhrif, þýðingar“, *Andvari*, 136. árg., 2. tbl. 2011, bls. 103–128.

² Írskur gagnrýnandi komst svo að orði um leikritið: „Its author has achieved a theoretical impossibility – a play in which nothing happens, that yet keeps audiences glued to their seats. What’s more, since the second act is a subtly different reprise of the first, he has written a play in which nothing happens, twice.“ Vivian Mercier, „The Uneventful Event“, *The Irish Times*, 18. febrúar 1956, bls. 6.

³ Um naumhyggju hjá Hemingway og Beckett, sjá Robert C. Clark, *American Literary Minimalism*, Tuscaloosa, Alabama: The University of Alabama Press, 2015, bls. 22–48 og L. A. J. Bell, „Between Ethics and Aesthetics. The Residual in Samuel Beckett’s Minimalism“, *Journal of Beckett Studies*, Vol. 20 (1), 2011, bls. 32–53.

⁴ Ernest Hemingway, *In Our Time*, New York: Boni & Liveright, 1925. Sagan hafði áður birst í tímaritinu *This Quarter*, hefti nr. 1 í maí 1925.

sem erlendum fréttaritari dagblaðsins *Toronto Star*. Í frönsku heimsborginni hafði hann kynnst leiðandi höfundum móðernismans eins og Gertrude Stein, Ezra Pound og James Joyce. *In Our Time* er brotakennd bók að móðernískum hætti og teft saman ólíkum sjónarhornum og söguefnum. Hún samanstendur af smásögum og stuttum milliköflum sem eru auðkenndir með skálettri. Hægt er að líta á bókina sem smásagnasveig eða sem brotakennda skáldsögu.⁵ Sjötti millikaflinn (Chapter VI) hefst með þessum orðum: „*Nick sat upp við vegg kirkjunnar þangað sem þeir höfðu dregið hann til að komast úr vélbyssuskothrið á strætinu. Báðir fætur sköguðu ankannalega fram. Skotið hafði hæft hann í hrygginn.*“⁶ Hér verður ljóst að Nick hefur særst alvarlega á vígvellinum á Ítalíu. Næst á eftir millikaflanum kemur sagan A Very Short Story eða Örstutt saga sem lýsir sjúkrahúsvist ónefnds manns í bænum Padua og fór hans heim til Bandaríkjanna að stríði loknu. Þó að Nick sé ekki nefndur á nafn í þessari sögu og aðeins notað þriðju persónu fornafn í karlkyni (he, him, his) liggur beint við að skilja hana sem framhald af millikaflanum.⁷ Örstutt saga lýsir þá byrjuninni á bataferli Nicks sem heldur svo áfram í lokasögunni í bókinni, Tvíhjörtuðu stórfljóti. Þar er Nick aftur nafngreindur og lýst áður nefndri útlegu og stangveiði hans á heimaslóðunum í Bandaríkjunum. Sögunum um Nick Adams átti eftir að fjölga í síðari smásagnasöfnum Hemingways og saman birta þær brotakennda mynd af ævi þessarar skálduðu persónu. Meðal síðari smásagna er A Way You'll Never Be (Þannig verður þú aldrei, í *Winner Take Nothing* eða Láttu vinninginn liggja, 1933) sem lýsir ekki aðeins líkamlegum heldur einnig sálrænum áhrifum þeirra áfalla sem Nick verður fyrir á vígvellinum. Þó að ekki sé minnst á stríðið í Tvíhjörtuðu stórfljóti má lesa söguna í ljósi stríðsreynslu og áfallasögu Nicks sem lýst er bæði í *In Our Time* og öðrum smásagnasöfnum höfundarins.⁸

⁵ Ástráður Eysteinnsson kemst svo að orði að bókin sé „ekki aðeins smásagnasafn, heldur það sem kallað hefur verið á íslensku *smásagnasveigur*“ („Á höttunum eftir Hemingway“, bls. 126). D. H. Lawrence leit á bókina sem „fragmentary novel“ („Review of *In Our Time*“, *Calendar of Modern Letters*, 4/1927, bls. 72–73, hér bls. 72).

⁶ „*Nick sat against the wall of the church where they had dragged him to be clear of machine-gun fire in the street. Both legs stuck out awkwardly. He had been hit in the spine.*“ Ernest Hemingway, *In Our Time*, New York: Vintage Books, 2021 (frumútg. 1925), bls. 57 (þýð. greinarhöf.).

⁷ Donald A. Daiker, „In Search of the Real Nick Adams. The Case for “A Very Short Story”“, *The Hemingway Review*, Vol. 32, No. 2 (Spring 2013), bls. 28–41.

⁸ Sögunum um Nick Adams, bæði birtum (16) og óbirtum (8), var safnað saman og þær gefnar út á bók að höfundi látnum (*The Nick Adams Stories*, New York: Charles Scribner's Sons, 1972). Þær lýsa ekki aðeins áföllum og erfiðri lífsreynslu sem Nick verður fyrir í stríðinu heldur einnig í uppvestinum, sbr. Ross K. Tangedal, „Ernest Hemingway“, *Handbook of the American Short Story*, ritstjórar Erik Redling og Oliver Scheiding, Berlín: De Gruyter, 2022, bls. 305–318. Smásagan Tvíhjartað stórfljót er stundum túlkuð út frá

Sem fréttaritari og blaðamaður þurfti Hemingway að læra að koma miklu að í fáum orðum. Skáldskapur hans einkennist líka af hnitmiðaðri og einfaldri framsetningu. Hemingway sker burt allan óþarfa sem þjónar ekki frásögninni. Stíll hans er hlutlægur og oft minna sagt og minna úr gert en efni standa til (e. *understatement*, úrdráttur). Hann lætur ekki þar við sitja heldur gengur lengra með þeirri listrænu aðferð sinni að láta kjarnaatriði í sögu ekki koma beint fram heldur gefa það til kynna með öðrum hætti. Þetta er það sem kallað hefur verið ísjakakenningin (e. *Iceberg Theory*) en þá er aðeins sýndur efsti hlutinn og megnið látið mara í kafi.⁹ Tvíhjartað stórfjót er eitt þekktasta dæmið um þessa aðferð í höfundarverki Hemingways. Raunar er það svo að í frumdrögum hans endar sagan á löngu vitundarflæði Nicks um silungsveiðar, bræðralag stangveiðimanna, hjónabönd sem binda enda á bræðralagið, nautaat og hafnabolta en ekki sist um löngun hans til að verða góður rithöfundur. Nick er þar látinn hugsa til ákveðinna sagna sem Hemingway hafði sett saman (My Old Man, Indian Camp) og þannig felst sjálfvísun höfundarins í þessu vitundarflæði. Nick er líka látinn nefna nöfn ýmissa skálda og rithöfunda sem Hemingway þekkti – Ezra (Pound), (James) Joyce, Sherwood (Anderson) og fleiri – auk franska málarsins (Pauls) Cézanne sem Nick vill taka sér til fyrirmyndar sem listamann er kunni að lýsa heiminum.¹⁰ Í bláendann á þessum sögudrögum hættir Nick að veiða og hraðar sér aftur til tjaldsins síns til að geta fest í orð það sem leitar á huga hans. Gertrude Stein, rithöfundur og ráðgjafi Hemingways meðan hann var að móta list sína á Parísarárunum, hvatti hann til þess að sleppa langa vitundarflæðinu í sögunni og fór hann að ráðum hennar.¹¹ Í þeirri gerð sem birtist í *In Our Time* er því hvergi vísað til ritstarfa Nicks nema í

slíkum áföllum frekar en stríðsreynslu Nicks, sbr. Robert Paul Lamb, „The Currents of Memory. Hemingway’s “Big Two-Hearted River” as Metafiction“, *Ernest Hemingway and the Geography of Memory*, ritstjórar Mark Cirino og Mark P. Ott, Kent, Ohio: The Kent State University Press, 2010, bls. 166–185.

⁹ Hemingway lýsti þessu svo í 16. kafla bókar sinnar um nautaat, *Death in the Afternoon*, árið 1932: „If a writer of prose knows enough of what he is writing about he may omit things that he knows and the reader, if the writer is writing truly enough, will have a feeling of those things as strongly as though the writer had stated them. The dignity of movement of an iceberg is due to only one-eighth of it being above water. A writer who omits things because he does not know them only makes hollow places in his writing.“ Ernest Hemingway, *Death in the Afternoon*, Harmondsworth, Middlesex: Penguin Books, 1976 (frumútg. 1932), bls. 182.

¹⁰ Hemingway fjallaði um Parísarárin og samtímafólk sitt þar í endurminningabókinni *A Moveable Feast*, New York: Charles Scribner’s Sons, 1964. Halldór Laxness þýddi bókina á íslensku undir heitinu *Veisla í farángrinum*, Akureyri: Prentverk Odds Björnssonar, 1966.

¹¹ Vitundarflæðið hefur verið birt sem sjálfstæður texti undir heitinu „On Writing“, sjá Ernest Hemingway, *The Collected Stories*, ritstjóri James Fenton, London: Everyman’s Library, 1995, bls. 625–631.

tveimur setningum snemma í sögunni þar sem segir: „Honum fannst hann hafa sagt skilið við allt, þörfina fyrir að hugsa, þörfina fyrir að skrifa, aðrar þarfir. Það lá allt að baki.“¹² Um leið eru þetta ákveðnar lykilstettingar í sögunni þar sem Nick einsetur sér að sinna ekki öðrum þörfum en þeim sem snúa að útilegunni og silungsveiðinni; allt annað lætur hann að baki.

Mörgum árum síðar, 1959, tjáði Hemingway sig um Tvíhjartað stórflyót í inngangi að útgáfu á smásögum sínum. Hann hafði hana til marks um þá aðferð sína að láta það ósagt sem sagan snýst um:

Sagan Tvíhjartað stórflyót í þessari bók fjallar um strákr sem kemur gjörsigraður heim úr stríðinu. Gjörsigraður var eldra og mögulega alvarlegra form af því að vera sigraður, þar sem þeir sem þannig var ástatt um gátu ekki sagt neitt um þetta ástand og máttu ekki heyra á það minnst í sinni návist. Þannig að stríðið er ekki nefnt á nafn né neitt sem því tengist. Flyjótið var Refá, við Seney í Michigan, ekki Tvíhjartað stórflyót. Breytingin á nafninu var meðvituð, ekki gerð af vankunnáttu eða skeytingarleysi heldur vegna þess að Tvíhjartað stórflyót er ljóðrænt, og vegna þess að það voru margir Indjána í sögunni, rétt eins og stríðið var í sögunni, og engir Indjánanna birtust né stríðið.¹³

Heimur Indjana – frumbyggja svæðisins og Ameríku – er samofinn smásögunni án þess að vera sýndur beint. Hemingway breytir *Fox River* í *Big Two-Hearted River* í anda nafngifta Indjana og felur sögu þeirra þannig í flyótinu sem smásagan

¹² Vitnað verður í söguna í þýðingu Sigurðar A. Magnússonar: Tvíhjartað stórflyót, Ernest Hemingway, *Snjórinna á Kílmanjaró og 23 aðrar sögur*, Reykjavík: Mál og menning, 2004, bls. 45–66, hér bls. 46. Á frummálinu hljóðar textinn svo: „He felt he had left everything behind, the need for thinking, the need to write, other needs. It was all back of him.“ Ernest Hemingway, *Big Two-Hearted River*, *In Our Time* (2021), bls. 135–161, hér bls. 137. Stefán Jónsson fréttamaður og rithöfundur hafði áður þýtt söguna á íslensku undir heitinu „Silungsáin“, sbr. Ástráð Eysteinnsson, „Á höttunum eftir Hemingway“, bls. 124.

¹³ „A story in this book called “Big Two-Hearted River” is about a boy coming home beat to the wide from a war. Beat to the wide was an earlier and possibly more severe form of beat, since those who had it were unable to comment on this condition and could not suffer that it be mentioned in their presence. So the war, all mention of the war, anything about the war, is omitted. The river was the Fox River, by Seney, Michigan, not the Big Two-Hearted. The change of name was made purposely, not from ignorance nor carelessness but because Big Two-Hearted River is poetry, and because there were many Indians in the story, just as the war was in the story, and none of the Indians nor the war appeared.“ Ernest Hemingway, „The Art of the Short Story“, *New Critical Approaches to the Short Stories of Ernest Hemingway*, ritstjóri Jackson J. Benson, Durham og London: Duke University Press, 1990, bls. 1–13, hér bls. 3 (þýð. greinarhöf.).

dregur nafn sitt af.¹⁴ Hið sama á við um þá erfiðu reynslu sem Nick vill gleyma. Tilraunir hans til að lifa einföldu lífi og njóta útivistar og veiða má skilja sem viðbrögð manns sem er að reyna að jafna sig á alvarlegu áfalli og vill vera einn með sjálfum sér úti í náttúrunni. Hemingway bendir réttilega á að stríðsreynsla geti verið svo trámatísk að þeir sem fyrir henni verða geti hvorki tjáð sig um hana né vilji þeir heyra á hana minnst. Hann þekkti sjálfur líkamlegar og andlegar afleiðingar af slíku áfalli enda varð hann fyrir sprengju á vígvellinum á Ítalíu eins og áður segir. Reynsla manna af fyrri heimsstyrjöldinni varð almennt til að auka skilning á þessum einkennum og farið var að kalla þau einu nafni sprengjulos (e. *shell-shock*).¹⁵ Þetta er það sem nú er kallað áfallastreituröskun (e. *post-traumatic stress disorder*, skammstafað PTSD) og er vel þekkt fyrirbæri.¹⁶ Þögnin um þetta áfall í sögunni sjálfri er því meðvituð af höfundarins hálfu. Hins vegar býr hann þannig um hnútana að þegar lesandinn veit af forsögu Nicks kemst hann ekki hjá því að sjá ýmis merki um áfallasöguna í frásögninni.¹⁷

Einn á ferð í óbyggðum

Í byrjun sögunnar horfir Nick á eftir járnbrautarlestinni sem hefur flutt hann í sveitina á sumardeg. Það er þó ekki guðsgræn náttúran sem tekur við honum þegar úr lestinni er komið heldur blasir eyðileggingin við á allar hendur. Ástæðan er sú að lestarteinararnir liggja gegnum bæinn Seney sem hefur brunnið til grunna: „Hér var enginn bær, ekkert nema brautarteinar og sviðin jörð.“¹⁸ Sagan hefst

¹⁴ Philip Melling, „There Were Many Indians in the Story”. Hidden History in Hemingway’s “Big Two-Hearted River”, *The Hemingway Review*, Vol. 28, No. 2 (Spring 2009), bls. 45–65. Hemingway fjallar um Indjána í fleiri sögum um Nick Adams, meðal annars í Indian Camp eða Indjánabúðum sem kom út í sama smásagnasafni og Tvíhjartað stórflyót, *In Our Time* (1925, skrifuð 1924).

¹⁵ Bessel van der Kolk, *The Body Keeps the Score. Mind, Brain and Body in the Transformation of Trauma*, London: Penguin Books, 2015 (frumútg. 2014), bls. 221–224. (Bókin hefur komið út á íslensku undir heitinu *Líkaminn geymir allt. Hugur, heili, líkami og batinn eftir áföll*, þýðendur Huguhrn Hrönn Kristjánsdóttir og Arnþór Jónsson, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 2023.)

¹⁶ Um hliðstæða reynslu hermanna eftir Vítanamstríðið, sjá Bessel van der Kolk, *The Body Keeps the Score*, bls. 7–24.

¹⁷ Slíkt merki eða tákn geta birst í frásögnum þeirra sem orðið hafa fyrir áfalli, jafnvel þó að þeim veitist erfitt að tjá sig um reynsluna eða vilji sem minnst um hana tala. Þetta á einnig við um skáldskap sem lýsir sambærilegri reynslu. Um birtingarmyndir áfalla í frásögnum, sjá Robert Eaglestone, „Trauma and Fiction”, *The Routledge Companion to Literature and Trauma*, ritstjórar Colin Davis og Hanna Meretoja, Abingdon: Routledge, 2020, bls. 287–295, einkum bls. 291.

¹⁸ Ernest Hemingway, *Snjörinn á Kílimanjaró og 23 aðrar sögur*, bls. 45. Á frummálinu: „There was no town, nothing but the rails and the burned-over country.” Ernest Hemingway, *In Our Time* (2021), bls. 135.

Því á framandlegri mynd af eyddri byggð sem gæti eins verið í stríðshrjáðu landi. Bærinn Seney í Michigan hafði í raun og veru byggst upp í kringum skógarhögg en aldrei orðið eldinum að bráð á þann hátt sem Hemingway lýsir.¹⁹ Höfundurinn ummyndar því þekkta staðhætti og gefur þeim táknræna merkingu sem bæði má skilja sem vísun í stríð og þann skaða sem maðurinn veldur náttúrunni með iðnaði sínum og þéttbýlismyndun. Fljótið sem rennur gegnum bæinn stendur aftur á móti fyrir náttúrulegt flæði sem laðar Nick til sín enda er það kvíkt af lífi. Hann ætlar að ganga niður með fljótinu þangað til hann finnur góðan veiðistað. Fyrst fer hann upp á brúna sem liggur yfir fljótið í þessum yfirgefna bæ og horfir ofan í strauminn. Hann sér silunga í hraðstreymu vatninu og fylgist með þeim um stund. Hann veit að þeir stærstu halda sig nærri botninum og sér þá hvar einn þeirra tekur á rás. Eitthvað vaknar í honum við þessa sjón: „Langt var síðan Nick hafði horft niðri vatnsfall og séð silunga. [...] Hjartað í Nick sló örar meðan hann horfði á ferðir silungsins. Aftur fann hann fornar kenndir bærast með sér.“²⁰ Orðalagið „fornar kenndir“ (e. *all the old feeling*) gefur til kynna það sem Nick hefur lengi farið á mis við og vill endurheimta í þessari ferð.

Nick axlar bakpoka sinn og hefur gönguna út úr brunnum bænum. Pokinn sígur í og gangan er á fótinn. Nick hefur með öðrum orðum þunga byrði að bera og leið hans liggur frá sviðinni jörð. Þannig geta einstök atriði í frásögninni fengið aukamerkingu þó að ekki sé þar með sagt að sagan kalli á táknrænan lestur frá upphafi til enda. Við taka hlutlægar lýsingar á athöfnum Nicks og umhverfinu en þær eru samofnar þönkum hans sem sögumaður segir frá. Svæðið er vaxið furuskógi sem teygir sig eins langt og augað eygir. Nálægt bænum er skógurinn eyddur og Nick tekur eftir því að sótið í skógarsverðinum veldur því að engispretturnar verða svartar. Viða eru líka ummerki um skógarhöggið. En smám saman verður landið aftur lifandi og Nick einsetur sér að komast eins nálægt veiðislóðunum og hægt er á einum degi. Hann gengur meðfram fljótinu þar sem það streymir gegnum engi og síðla dags finnur hann gott tjaldstæði. Það er á sléttri hæð og þúrt þó að mýrlendi sé skammt undan.

Lesendur fá að fylgjast með ferð og hugsunum Nicks sem snúast um umhverfið og tilfallandi verkefni eins og það að tjalda og elda mat. Þessu er lýst svo nákvæmlega að á köflum minnir sagan á sjálfshjálparbók um umhverfis- og

¹⁹ Frederic J. Svoboda, „Landscapes Real and Imagined. “Big Two-Hearted River”“, *The Hemingway Review*, Vol. 16, No. 1 (Fall 1996), bls. 33–42. Bærinn Seney er nálægt Lake Superior og nokkru norðar en æskulóðir Hemingways við Walloon Lake í Michigan.

²⁰ Ernest Hemingway, *Snjórinna á Kílmanjaró og 23 aðrar sögur*, bls. 46. Á frummálinu: „It was a long time since Nick had looked into a stream and seen trout. [...] Nick’s heart tightened as the trout moved. He felt all the old feeling.“ Ernest Hemingway, *In Our Time* (2021), bls. 136.

núvitund, með hagnýtum ráðum um útivist, silungsveiðar og tjaldferðalög. Nick er sífellt látinn minna sig á hvernig best sé að haga sér í þessum kringumstæðum og reynir að hafa stjórn á því sem að honum snýr. Hemingway hægir meðvitað á frásögninni og sýnir í smáatriðum það sem er í forgrunni og stendur Nick næst en bakgrunnur náttúrunnar er dreginn almennari dráttum eins og á málverki eftir Cézanne.²¹ Ítarlegum lýsingum á athöfnum og hugsunum Nicks virðist ætlað að sýna hvernig hann helgar sig þessu umhverfi og ferðalagi án þess að láta neitt annað trufla sig. Hversdagsleg iðja eins og það að ganga með bakpoka, tjalda og hita sér kaffi eða mat fær aukið vægi með því að vera tíunduð frá augnabliki til augnabliks. Nick er að reyna að vera á staðnum og í núinu. Hugur hans hvarflar þó til fyrri veiðiferða og félaga sem hann átti en hefur misst samband við. Sú minning ítrekar einsemd hans í þessari veiðiferð. Fyrri hluta sögunnar lýkur á því að Nick horfir út um tjaldopið á mýrlendið í kvöldkyrrðinni og gengur síðan til náða. Mýrin er endurtekið minni sem fær táknræna merkingu þegar líður á frásögnina eins og síðar verður rakið.

Seinni hluti sögunnar heldur áfram á svipuðum nótum og sá fyrri. Nick er nú í veiðihug og fer að fljótinu snemma dags með stöng í hendi. Hann hefur búið sig vel út og hengt á sig löndunarháf, hveitipoka til að setja veiðina í og flösku sem hefur að geyma engisprettur fyrir beitu. Hann veður út í strauminn og útbýr beituna standandi í ísköldu vatninu. Sem veiðimaður grípur hann til þess óyndisúrræðis að þræða lifandi engisprettu upp á öngul. Það er ekki fegrað í sögunni heldur er því lýst í smáatriðum þegar fingerð veran lendir í mannahöndum og er limlest:

Önnur engispretta stakk hausnum uppúr flöskunni. Fálmararnir titruðu. Hún var að koma framlöppunum uppúr flöskunni til að stökkva. Nick greip um hausinn á henni og hélt henni meðan hann þræddi mjóan öngulinn undir hökuna á henni, niður brjósthólið og úti síðasta lið afturbolsins. Engisprettan greip um öngulinn með framlöppunum og spýtti á hann tóbakslegi. Nick lét hana falla í fljótið.²²

²¹ Theodore L. Gaillard, Jr., „Hemingway’s Debt to Cézanne. New Perspectives“, *Twentieth Century Literature*, Vol. 45, No. 1 (Spring 1999), bls. 65–78, einkum bls. 67–69.

²² Ernest Hemingway, *Snjórinn á Kilimanjaró og 23 aðrar sögur*, bls. 58. Á frummálinu: „Another hopper poked his face out of the bottle. His antennæ wavered. He was getting his front legs out of the bottle to jump. Nick took him by the head and held him while he threaded the slim hook under his chin, down through his thorax and into the last segments of his abdomen. The grasshopper took hold of the hook with his front feet, spitting tobacco juice on it. Nick dropped him into the water.“ Ernest Hemingway, *In Our Time* (2021), bls. 152–153.

Engisprettur eru náttúruleg fæða silunga og því algengt að nota þær til veiða. Fyrr í sögunni hafði Nick gert sér far um að bjarga sótugri engisprettu sem settist á fót hans. Hann hafði tekið hana varlega upp og kvatt hana vinalega: „Farðu, engispretta, sagði Nick og hóf upp raustina í fyrsta sinn. – Fljúgðu eitthvað úti buskann.“²³ Það er því ekki mannvonska heldur veiðivenja sem veldur því að hann notar engisprettu fyrir beitu, rétt eins og maður er algeng beita í stangveiði víða um heim.

Ekki liður á löngu áður en silungur bitur á. Nick finnur fljótt að þetta er lítill tittur og ákveður að sleppa honum en gætir þess um leið að valda sem minnstum skaða. Lýsingin sýnir hve samviskusamur og varfærinn hann er sem veiðimaður:

Hann hafði bleytt höndina áður en hann snerti silunginn til að ýfa ekki viðkvæmt slímið sem þakti hann. Væri silungur snertur þurri hendi, réðst hvítur sveppur á svæðið sem var óvarið. Mörgum árum fyrr, þegar Nick hafði fiskað í vinsælum silungsám, sem fluguveiðimenn höfðu sótt bæði á undan honum og eftir, hafði hann margsinis rekist á dauða silunga, loðna af hvítum sveppum, sem ýmist hafði rekið upp- að kletti eða þá þeir flutu með magann uppíloft í einhverjum hyl. Nick var ekki um það gefið að fiska í fljótinu með framandi mönnum. Væru þeir ekki í sama hópi, spilltu þeir öllu.²⁴

Nick getur því hert sig upp í það að beita engisprettu en honum er umhugað um silungana þó að þeir séu líka bráð hans. Hann er í rauninni heillaður af þeim eins og sjá má snemma í sögunni þegar hann fylgist lengi með silungum synda í straumnum undir brúnni í bænum Seney.

Nú ákveður Nick að vaða niður eftir fljótinu þangað sem engið og mýrlendið mætast. Þar gerir hann sér vonir um að krækja í stærri silunga og það gengur

²³ Ernest Hemingway, *Snjórinn á Kílmanjaró og 23 aðrar sögur*, bls. 48. Á frummálinu: „Go on, hopper,” Nick said, speaking out loud for the first time. “Fly away somewhere.”“ Ernest Hemingway, *In Our Time* (2021), bls. 138. Nick drepur reyndar moskítóflugu sem hefur komist inn í tjaldið hans fyrsta kvöldið en varla er hægt að dæma það hart því að hún hefði sogið úr honum blóð um nóttina.

²⁴ Ernest Hemingway, *Snjórinn á Kílmanjaró og 23 aðrar sögur*, bls. 59. Á frummálinu: „He had wet his hand before he touched the trout, so he would not disturb the delicate mucus that covered him. If a trout was touched with a dry hand, a white fungus attacked the unprotected spot. Years before when he had fished crowded streams, with fly fishermen ahead of him and behind him, Nick had again and again come on dead trout, furry with white fungus, drifted against a rock, or floating belly up in some pool. Nick did not like to fish with other men on the river. Unless they were of your party, they spoiled it.“ Ernest Hemingway, *In Our Time* (2021), bls. 154–155.

eftir í fyrsta kasti. Eftir heilmikil átök slaknar skyndilega á línunni og þá veit Nick að sá stóri hefur slitið sig lausan. Hann fer í land og gerir hlé á veiðinni. Hann er í uppnámi og miður sín yfir því hvernig fór: „Nick vissi að tennur silungsins mundu bíta sundur girni öngulsins. Öngullinn mundi festast í hvofinum. Hann gat bölvað sér uppá að silungurinn væri reiður. Allar skepnur af þessari stærð yrðu reiðar.“²⁵ Fyrstu viðbrögð Nicks eru vonbrigði veiðimannsins yfir að ná ekki að landa stórum silungi en síðan tekur samviskubitið við. Hann veit af önglinum í hvofi fisksins og það lætur hann ekki í friði.

En Nick er kominn til að veiða. Enn færir hann sig um set og rennir nú fyrir fisk þar sem mýrlendinu sleppir og skóglendið tekur við. Dagurinn líður og þegar upp er staðið hefur hann veitt tvo stóra silunga. Hann geymir þá lifandi í lokuðum hveitipokanum sem hann kemur fyrir ofan í vatninu. Nick ákveður svo að nóg sé komið og kann sér hóf í veiðinni, hættir þó að hann gæti haldið áfram. Hann drepur silungana tvo og gerir að þeim, sáttur við dagsverk sitt. Svo setur hann þá í háfinn sem hann hengir við sig og heldur heim í tjaldið.

Náttúra sögunnar

Hér hefur verið bent á ýmis atriði í sögunni sem tengjast náttúruskynjun og umhverfisvitund. Nick er í veiðiferð og hann er því ekki í hlutverki einfalds náttúruskoðara. Samt er honum umhugað um fiskana sem hann reynir að fanga og hefur skömm á slæmri umgengni annarra veiðimanna eins og dæmin sýna. Á göngu sinni og veiðum kemst hann í náið samband við landið og fljótið. Hann rýnir í staðhætti, hegðun dýra, gróðurfar, vatnsföll og er opinn fyrir umhverfinu. Söguna má lesa sem trúverðuga lýsingu á tjaldferðalagi og silungsveiði en hún er líka táknræn og hefur ákveðinn undirtexta. Hana má skilja sem sögu af sjálfs-hjálp manns sem hefur lent í alvarlegu áfalli. Hann vill vera einn með sjálfum sér og getur því tengst náttúrunni ótruflaður af öðrum. Auk þess ber hann veiðivon í brjósti sem fyllir daginn af eftirvæntingu. Endurnærandi útivera í náttúrulegu umhverfi helst í hendur við tilraunir mannsins til að endurheimta lífsgleðina sem fylgir því að vera á veiðum. Áður er vitnað til þeirra orða að Nick hafi fundið „fornar kenndir bærast með sér“ þegar hann sá stóra silunginn í hylnum undir brúnni. Í þeim skilningi leitar hann ekki aðeins út í náttúruna heldur líka aftur í tímann fyrir áfallið til að græða sjálfan sig. Hann vill finna aftur það sem hann

²⁵ Ernest Hemingway, *Snjórinn á Kílimanjaró og 23 aðrar sögur*, bls. 61. Á frummálinu: „Nick knew the trout's teeth would cut through the snell of the hook. The hook would imbed itself in his jaw. He'd bet the trout was angry. Anything that size would be angry.“ Ernest Hemingway, *In Our Time* (2021), bls. 155.

fann í fyrri veiðiferðum og gleyma því sem gerðist í millitíðinni. Gleymskan er meðvituð enda hefur Nick „sagt skilið við allt“ og það má skilja sem tilvísun til stríðsins. Þetta er viljandi gleymska eða bældar minningar (e. *repressed memories*) eins og þær eru skilgreindar í minnisfræðum.²⁶

Söguna má lesa í ljósi ákveðins ferlis sem þekkt er úr sögu þess skáldskapar sem kenndur er við hjarðljóð (e. *pastoral*).²⁷ Það lýsir sér í leit að tímabundnu athvarfi í náttúrunni (e. *retreat*) sem síðan leiðir til afturhvarfs til mannlegs samfélags (e. *return*). Viðkomandi nýtur þá náttúrunnar og heldur svo til síns heima endurnærður á líkama og sál.²⁸ Segja má að saga Hemingways lýsi fyrri hluta þessa ferlis, tímabundnu athvarfi í náttúrunni. Þó að ekki sé lýst afturhvarfi til mannlegs samfélags gefa sögulokin til kynna að Nick horfi björtum augum fram á veginn. Sveitasælan er þó ekki án skuggahliða, hvorki í hjarðljóðum né í sögu Hemingways. Í hjarðljóðum og tengdri list er dauðinn oft látinn minna á sig með latnesku setningunni *Et in Arcadia ego* („Einnig í sveitasælunni er ég“).²⁹ Það er áminning um að dauðinn verði hvergi umflúinn og sé hluti af lífinu. Hið sama má segja um hlutskipti Nicks sem reynir að finna samhljóm með náttúrunni. Upphafsmýnd sögunnar af sviðinni jörð er dauðaleg og sömuleiðis er silungsveiðin blóðug á köflum með drápi á dýrum bæði stórum og smáum. Sú náttúra sem nútímamaðurinn hefur aðgang að er ekki heldur ósnortin. Hann hefur sett mark sitt á hana á mannöldinni sem svo er kölluð (e. *Anthropocene*) eða á tím-anum eftir iðnbyltingu og nútímavæðingu.³⁰ Lestin og lestarteinarnir sem lýst er í byrjun sögunnar sýna hvernig maðurinn hefur lagt sveitina undir sig. Skógarhöggið hefur leikið svæðið grátt, auk þess sem taka má brunann sem tákni um þá eyðileggingu sem maðurinn veldur beint og óbeint með athöfnum sínum. Nick getur því ekki kvatt hinn fallna mannheim og haldið inn í náttúrulega paradís á jörðu þótt hann feginn vildi. Seint í sögunni fer hann að horfast í augu við þann

²⁶ Um gleymsku í frásögnum, sjá Gunnþórunni Guðmundsdóttur, *Representations of Forgetting in Life Writing and Fiction*, Palgrave Macmillan Memory Studies, London: Palgrave Macmillan, 2017, bls. 1–15, 94–97 og víðar. Um bældar minningar og tengsl þeirra við áföll, sjá Bessel van der Kolk, *The Body Keeps the Score*, bls. 220–239.

²⁷ Sarah Mary O'Brien túlkar söguna á þennan hátt í greininni „I, Also, Am in Michigan“. Pastoralism of Mind in Hemingway's "Big Two-Hearted River", *The Hemingway Review*, Vol. 28, No. 2 (Spring 2009), bls. 66–86.

²⁸ Terry Gifford, *Pastoral* (The New Critical Idiom), London: Routledge, 1999, bls. 45–115; Sveinn Yngvi Egilsson, *Náttúra ljóðsins. Umhverfi íslenskra skálda*, Reykjavík: Bókmennta- og listfræðastofnun og Háskólaútgáfan, 2014, bls. 101, 114 og 213–214.

²⁹ Sama rit, bls. 97–106.

³⁰ Sarah Mary O'Brien, „I, Also, Am in Michigan“. Pastoralism of Mind in Hemingway's "Big Two-Hearted River", bls. 77.

lífsháska sem hann stendur frammi fyrir og tengist bæði náttúrunni og erfiðri reynslu hans sjálfs. Hemingway notar mýrlendið sem endurtekið minni til að afhjúpa ótta og hugsanir Nicks. Hann kynnir það snemma til sögunnar eins og áður segir og það öðlast aukinn þunga eftir því sem líður á frásögnina.

Mýrlendið er náttúrfyrirbæri eða vistkerfi sem bæði heillar og ógnar Nick. Hann veit að þar gætu leynst stórir silungar en honum líst ekki á það sem veiðistað eins og segir undir lok sögunnar:

Nick langaði ekki að fara þangað núna. Hann fann til andúðar á að vaða djúpt, þegar vatnið dýpkaði og náði honum í geirvörtur, til að veiða stóra silunga á stöðum þarsem ómögulegt var að landa þeim. Í mýrinni voru bakkarnir naktir, fyrir ofan þá samtvinnuðust stóru sedr-ustrén, sólin braust ekki í gegn nema á stöku stað; í hraðstreymu djúpu vatninu, í hálfrökkrunu, yrðu veiðarnar raunalegar. Í mýrlendinu voru fiskveiðar raunalegt ævintýri. Nick kærði sig ekki um það. Hann kærði sig ekki um að fara lengra niðrefir fljótinu í dag.³¹

Að vissu leyti er þetta saga um að kunna sér hóf og ætla sér ekki um of. Það reynir á manninn því þrátt fyrir góðan ásetning og undirbúning er þetta óvissuferð í óbyggðum. Nick er var um sig og vandfýsinn á félagsskap annarra enda ferðast hann einn. Hann telur sig ekki tilbúinn fyrir mýrina þó að þar sé góð von um veiði. Ef það er rétt skilið að sagan snúist um að endurheimta sjálfan sig eftir ólýsanlegar hörmungar stríðsins, þá eru því takmörk sett hvað hægt er að gera í einni atrennu. Veiði í silungsa er viðráðanleg fyrir mann í þeirri stöðu en hann þarf að þekkja sín mörk. Það er óráðlegt að renna fyrir fisk í mýrlendi þar sem ekki er hægt að landa honum svo vel sé. Þá er betra að halda að sér höndum og láta gott heita. Nick er illa við að missa stjórn á framvindunni og frásögnin sýnir frá upphafi til enda hvernig hann reynir að haga sér skynsamlega. Mýrlendið er illviðráðanlegt og óreiðukennt og ógnar þessu skipulagi.³²

³¹ Ernest Hemingway, *Snjórinn á Kílmanjaró og 23 aðrar sögur*, bls. 65. Á frummálinu: „Nick did not want to go in there now. He felt a reaction against deep wading with the water deepening up under his armpits, to hook big trout in places impossible to land them. In the swamp the banks were bare, the big cedars came together overhead, the sun did not come through, except in patches; in the fast deep water, in the half light, the fishing would be tragic. In the swamp fishing was a tragic adventure. Nick did not want it. He did not want to go down the stream any further today.“ Ernest Hemingway, *In Our Time* (2021), bls. 160.

³² Sarah Mary O’Brien, „‘I, Also, Am in Michigan’: Pastoralism of Mind in Hemingway’s ‘Big Two-Hearted River’“, bls. 66–70.

Sérstaka athygli vekur að veiðar í mýrinni eru sagðar „raunalegar“. Á frummálinu er notað orðið *tragic* sem mætti eins þýða sem „harmrænar“ eða „sorglegar“. Það er óvenjulega að orði komist og fær aukinn þunga með endurtekningunni. Segja má að þarna glitti í undirtexta sögunnar, raunirnar sem Nick er að reyna að gleyma en stinga upp kollinum þegar hann kemst í ógnvekjandi kringumstæður. Hann finnur til „andúðar“ (e. *reaction*) og líkamlegra ónota við þá tilhugsun að vaða út í djúpt vatnið á þessum myrkvaða og viðsjárverða stað. Mýrin er því ekki aðeins óhentugur veiðistaður heldur fær hún líka táknræna merkingu í sögunni. En málið er ekki svo einfalt að hægt sé að fullyrða að mýrin tákni ógnir stríðsins og eftirköst þeirra sem Nick þarf að takast á við. List Hemingways felst ekki síst í hinu hálsagða sem gerir smásögur hans svo heillandi aflestrar. Hann ýjar að merkingunni og hagar orðunum þannig að þau vekja ákveðin hugrenningatengsl en hann neitar lesandanum um einföld svör eða ákveðna niðurstöðu. Sögulokin gefa þó vonir um að Nick muni ná sér og að það sem tengist mýrinni muni ekki hamla honum til lengdar:

Nick stóð á trjábolnum með stöngina í hendinni og þungan háfinn hangandi við beltið, steig þvínæst úti vatnið og öslaði í land. Hann kleif upp bakkann og fór stystu leið inní skóginn í átt að hæðinni. Hann var að snúa aftur í tjaldbúðina. Hann leit um öxl. Það rétt mótaði fyrir fjótinu milli trjáanna. Í vændum voru margir dagar þegar hægt yrði að veiða í mýrinni.³³

Niðurlag

Smásagan Tvíhjartað stórfljót lýsir útilegu og veiðiferð Nicks Adams sem varð fyrir líkamlegu og andlegu áfalli í fyrri heimsstyrjöldinni eins og fram kemur í öðrum smásögum Ernests Hemingway um þennan unga mann. Stríðsreynslan liggur að mestu í þagnargildi í Tvíhjörtuðu stórfljóti en hún er gefin í skyn með óbeinum hætti eins og hér hefur verið fjallað um í ljósi vistrýni og áfallafræða. Nick reynir að endurheimta lífsgleðina og andlegt heilbrigði með því að dvelja í skauti náttúrunnar og stunda silungsveiði. Í lokaorðum sögunnar eru gefnar

³³ Ernest Hemingway, *Snjórinn á Kilimanjaró og 23 aðrar sögur*, bls. 66. Á frummálinu: „Nick stood up on the log, holding his rod, the landing net hanging heavy, then stepped into the water and splashed ashore. He climbed the bank and cut up into the woods, toward the high ground. He was going back to camp. He looked back. The river just showed through the trees. There were plenty of days coming when he could fish the swamp.“ Ernest Hemingway, *In Our Time* (2021), bls. 161.

vonir um að hann muni ná sér og það gerir hann ef marka má þær smásögur Hemingways sem lýsa lífi Nicks eftir veiðiferðina. Átta árum eftir útgáfu Tvíhjartaðs stórfljóts birti höfundurinn síðustu söguna um Nick Adams. Hún nefndist *Fathers and Sons* eða *Feður og synir* og var lokasagan í smásagnasafninu *Winner Take Nothing* (1933). Af henni má ráða að söguhetjan hafi fullorðnast, sé 38 ára gamall og orðinn faðir. Nick er því ekki lengur einn á báti og hefur stofnað fjölskyldu.³⁴ Hann virðist hafa náð að jafna sig eftir áfallið og reynir ekki að loka á fortíðina eins og hann gerði í Tvíhjörtuðu stórfljóti. Föðurhlutverkið eykur skilning hans á sínum eigin föður sem er látinn en erfitt hafði verið á milli þeirra feðga. Hann leiðir hugann að hinu liðna og minningarnar sem vakna tengjast æskulóðum hans í Norður-Michigan, svipuðu landsvæði og lýst var í Tvíhjörtuðu stórfljóti. Nick getur nú horfst í augu við fortíðina og tekið föður sinn í sátt.³⁵ Þannig skilur Ernest Hemingway við þessa söguhetju sína og setur síðasta brotið í hina samsettu mynd af lífshlaupi og þroskasögu Nicks Adams. Sú mynd hefði ef til vill orðið fyllri og heildstæðari ef höfundurinn hefði ákveðið að gera þessu efni skil í skáldsögu en með því að fara þá leið að semja samtengdar smásögur lætur hann lesendum eftir að geta í eyðurnar og lesa á milli línanna. List hins hálsagða, ósagða og brotakennda rís hvergi hærra hjá Hemingway en í sögunum um Nick Adams.

ÚTDRÁTTUR

„Big Two-Hearted River“ (Tvíhjartað stórfljót) er smásaga í tveimur hlutum sem birtist í bókinni *In Our Time* (1925) eftir bandaríska rithöfundinn Ernest Hemingway (1899–1961). Frásögnin er í þriðju persónu og segir frá útilegu og silungsveiði ungs manns, Nicks Adams, sem er einn á ferð í skóglendi Norður-Michigan. Hann er söguhetjan í 24 smásögum sem Hemingway gaf út á þriðja og fjórða áratug 20. aldar. Saman birta sögurnar brotakennda mynd af lífi þessarar skálduðu persónu sem slasast í fyrri heimstyrj-

³⁴ Í smásögunni *Wedding Day* (Brúðkaupsdagur), sem Hemingway birti aldrei og kom út að honum látnum í *The Nick Adams Stories* 1972, segir frá brúðkaupsdegi Nicks og konu að nafni Helen. Í smásögunni *Cross Country Snow* (Viðavangssnjór), sem Hemingway birti fyrst í tímaritinu *Transatlantic Review* 1924 og síðan í *In Our Time* 1925, kemur fram að Nick og Helen eiga von á barni. Þannig gaf Hemingway snemma vísbendingar um þá stefnu sem líf Nicks átti eftir að taka.

³⁵ Sjá yfirlitsgrein um söguna eftir Donald A. Daiker, „Fathers and Sons“, *Reading Hemingway's Winner Take Nothing. Glossary and Commentary*, ritstjórar Mark Cirino og Susan Vandagriff, Kent, Ohio: The Kent State University Press, 2021, bls. 269–294; um þann skilning á sögunni að hún feli í sér uppgjör og sátt við föðurinn, sjá bls. 270.

öldinni og reynir að ná sér eftir heimkomuna til Bandaríkjanna. Þó að ekki sé minnst á stríðið og einungis ýjað að því í Tvíhjörtuðu stórfjótí má lesa söguna sem tilraun manns, sem orðið hefur fyrir áfalli, til að gleyma hinu liðna og lifa í núinu. Endurnýjuð tengsl við náttúruna eru mikilvægur þáttur í því ferli eins og sjá má á útivist og veiðum Nicks. Í greininni er fjallað um þessi umhverfistengsl og náttúrulýsingar í ljósi vistrýni. Auk þess eru ákveðin áfallamerki og tákn í frásögninni túlkuð út frá áfallafræði og minnisfræði.

Lykilord: Ernest Hemingway, smásögur, vistrýni, áfallafræði, minnisfræði

ABSTRACT

Trout Fishing and Scorched Earth: Trauma and Environmental Consciousness in the short story “Big Two-Hearted River” by Ernest Hemingway

“Big Two-Hearted River” is a bipartite short story by American writer Ernest Hemingway (1899–1961), published in his book *In Our Time* (1925). It is a third-person narrative describing the solitary camping and fishing trip of a young man called Nick Adams in the woods of Northern Michigan. Hemingway made him the protagonist of two dozen short stories he wrote in the nineteen-twenties and thirties. Read together, they form a fragmented life of this fictional hero who gets wounded in World War I and tries to piece his life together after returning to the United States. Although the war itself is never mentioned and only hinted at in “Big Two-Hearted River”, the story can be seen to describe a traumatized person’s attempt of forgetting the past and trying to live in the present. An important part of this process is reconnecting with nature, as Nick does through outdoor life and fishing. The article traces these environmental connections and nature descriptions, offering an ecocritical reading of the story. It also identifies certain trauma signals and symbols in the narrative, based on trauma theory and memory studies.

Keywords: Ernest Hemingway, the short story, ecocriticism, trauma theory, memory studies

SVEINN YNGVI EGILSSON

Prófessor í íslenskum bókmenntum

Íslensku- og menningardeild

Hugvísindasviði Háskóla Íslands

sye@hi.is

